

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 7/97
frá 14. mars 1997**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/96 frá 26. apríl 1996⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/86/EB frá 13. desember 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 94/55/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 17e (tilskipun ráðsins 94/55/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- 396 L 0086: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/86/EB frá 13. desember 1996 (Stjttíð. EB nr. L 335, 24. 12. 1996, bls. 43).”.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 32, 25. 7. 1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 335, 24. 12. 1996, bls. 43.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/86/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 14. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner